



MENNTA- OG
MENNINGARMÁLARÁÐUNEYTIÐ
Ministry of Education, Science and Culture
Sölvhólsgrata 4 • IS-150 Reykjavík, Iceland
tel.: +(354) 545 9500 • fax: +(354) 562 3068
postur@mrn.is • ministryofeducation.is

Starfsgreinaráð samgöngu-, farartækja- og
flutningsgreina
Edda Jóhannsdóttir
Skúlatúni 2
105 REYKJAVÍK

Reykjavík 3. júlí 2013
Tilv.: MMR13060056/4.20.6-

Efni: Umsókn um styrk til eflingar starfsmenntunar 2013-2014

Mennta- og menningarmálaráðuneyti hefur fjallað um umsóknir sem bárust á grundvelli auglýsingar dags. 8. maí 2013.

Ákveðið hefur verið að veita starfsgreinaráði samgöngu-, farartækja- og flutningsgreina styrk að fjárhæð 3.100.000 kr. til að skipuleggja námsbraut í flutningsgreinum. Styrkurinn er ætlaður til að vinna áfanga- og námsbrautarlýsingu í ljósi þarfagreiningar sem fyrir liggur, kynna námið hagsmunaaðilum, skrifa brautar- og áfangalýsingar í námskrárgrunn ráðuneytisins og vinna lokaskýrslu þar sem lýst er framvindu verkefnisins.

Vinsamlegast sendið staðfestingu á að vinna við verkefnið sé hafð, til verkefnisstjóra, Þórdísar Guðmundsdóttur (thordis.gudmundsdottir@mrn.is). Í framhaldi af þeirri staðfestingu greiðast 50% styrkuppþæðar inn á reikning styrkhafa. Eftirstöðvar greiðast þegar mennta- og menningarmálaráðuneyti hefur borist greinargerð um verkefnið og fjárhagsuppgjör, þó ekki seinna en 1. febrúar 2014.

Auk skilyrða um tímamörk er forsenda lokagreiðslu að ráðuneytið fallist á að markmiðum verkefnis hafi verið náð og styrkþegi hafi uppfyllt skilmála styrksins. Almennir skilmálar styrksins eru á bakhlið þessa bréfs.


Stefán Stefánsson

Fyrir hönd ráðherra


Þórdís Guðmundsdóttir

Almennir skilmálar styrks sem gilda fyrir styrkveitingu á vegum ráðuneytisins:

1. Skuldbinding styrkþega

Með því að taka á móti styrknum lýsir styrkþegi því yfir að hann ábyrgist að styrknum verði einungis varið til verkefnisins og þeirra markmiða sem lýst er í umsókn. Jafnframt skuldbindur hann sig til að skila greinargerð og fjárhagsuppgjöri og hlíta öðrum skilmálum styrksins.

2. Upplýsingagjöf og skýrslur

Styrkþega er skylt að tilkynna mennta- og menningarmálaráðuneyti tafarlaust ef upp koma aðstæður sem seinka verkefninu eða koma í veg fyrir að markmiðum eða skilyrðum fyrir styrkveitingu sé fullnægt.

Styrkþega ber ávallt að verða við beiðni mennta- og menningarmálaráðuneytis um upplýsingar um stöðu verkefnisins og láta því í té allar upplýsingar og gögn um verkefnið, þar á meðal bókhaldsgögn.

Styrkþegi skal senda mennta- og menningarmálaráðuneyti greinargerð um verkefnið og fjárhagsuppgjör vegna þess innan 60 daga frá því verkefninu lýkur. Greinargerðin skal staðfest af styrkþega og óháðum einstaklingi/skoðunarmanni eða endurskoðanda.

Ljúki verkefninu ekki á því ári sem styrkurinn er veittur, skal senda ráðuneytinu tölvupóst til að upplýsa um stöðu verkefnisins fyrir lok janúar árið eftir.

Eyðublað fyrir greinargerð fæst í móttöku ráðuneytisins og á veffanginu menntamalaraduneyti.is.

Styrkþegi ber ábyrgð á að skila skattyfirvöldum fjárhagsuppgjöri og að öll gögn sem uppgjör byggir á séu varðveitt í a.m.k. fimm ár. Um eftirlit Ríkisendurskoðunar gilda lög nr. 86/1997 um Ríkisendurskoðun.

3. Styrktaraðili nefndur í kynningarefni

Á öllu útgefnu efni, auglýsingum o.s.frv. sem tengist hinu styrkta verkefni skal koma fram að það er styrkt af mennta- og menningarmálaráðuneyti.

4. Endurkröfuréttur ráðuneytisins

Ef styrknum eða hluta hans er varið í annað en tilgreint er í umsókn eða skilmálar skv. lið 2 og 3 ekki uppfylltir, teljast forsendur styrkveitingar brostnar. Áskilur ráðuneytið sér þá rétt til að ógilda styrkveitinguna og krefja styrkþega um endurgreiðslu á greiddum styrk, að hluta til eða í heild sinni, ásamt kostnaði við innheimtu.

Reynist útgjöld vegna verkefnis samkvæmt umsókn lægri en útborguð styrkfjárhæð skal styrkþegi ótilkvaddur endurgreiða ofgreiddan styrk innan 30 daga frá því fjárhagsuppgjör verkefnis lá fyrir. Að öðrum kosti innheimtir ráðuneytið ofgreiddan styrk ásamt innheimtukostnaði.

Styrkur fellur niður hafi hann ekki verið sóttur innan eins árs frá dagsetningu styrkbréfs.

5. Ágreiningur

Ágreiningi milli styrkþega og mennta- og menningarmálaráðuneytis sem þessum aðilum tekst ekki að leysa skal vísað til Héraðsdóms Reykjavíkur.

Framangreindir skilmálar gilda nema annað sé tekið fram í bréfi.